

## 087/01 - Eyjanes GK 131

Eyjanes GK 131, verður olúlaus fyrir utan Rif

### Eyjanes GK 131

**Skipaskr.nr.:** 0462

**Smíðaður:** Fredrekssund Danmörku 1955 Eik

**Stærð:** 70,00 brl; 65,00 bt

**Lengd:** 23,51 m **Breidd:** 5,83 m **Dýpt:** 2,80 m

**Vél:** Caterpillar 313,00 kW **Árgerð:** 1970

**Annað:**

**Földi skipverja:** 4



### Atvikalýsing

Þann 29. september 2001 var Eyjanes á netaveiðum út af Breiðafirði. Veður: Logn og stilltur sjór.

Vélstjóri skipsins hafði gert ráð fyrir að nægar olíubirgðir væru um borð í veiðiferðina en komst svo að því að mat hans var ekki rétt. Hann varaði skipstjóra strax við þessari stöðu, en hann ákvað að ljúka við að draga netin, sem var og gert. Síðan var haldið áleiðis til Rifshafnar en rétt fyrir utan innsiglinguna þar varð báturinn vélarvana vegna olíuleysis. Rifsari SH var nálægur og tók Eyjanesið í tog inn til hafnar.

### Nefndarálit

Nefndin ályktar ekki í þessu máli.